

Gunnar H. Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri  
Sementsverksmiðjan hf.

Reykjavík, 1. september 2009.

**Efni: Frétt Viðskiptaráðs „Virk samkeppni grundvöllur endurreisnar“, dags. 27.8.2009.**

Með vísan til bréfs yðar frá því í dag, þar sem reifuð eru sjónarmið Sementsverksmiðjunnar til ofangreindrar fréttar sem birtist á vef og í fréttabréfi Viðskiptaráðs, þá vill undirritaður taka eftirfarandi fram.

Frétt þeirri sem um ræðir var fyrst og fremst ætlað að bregða birtu á núverandi stöðu íslensks atvinnulífs, mikilvægi virkrar samkeppni á öllum mörkuðum til langframa og á þá grundvallarspurningu sem mál þetta vakti, þ.e. hvernig eigi að leysa úr rekstrarvanda fyrirtækja þannig að þjóðhagslegt tjón verði lágmarkað og endurreisninni hraðað. Í því ljósi benti Viðskiptaráð á að opinber niðurgreiðsla eða stuðningur, líkt og rætt var af hálfu opinberra ráðamanna og fulltrúa launþegahreyfingar, væri ekki heppileg leið. Vísar ráðið þar einkum til þeirra samkeppniskraskana sem slík opinber afskipti hefðu í för með sér og óhagkvæmni þeirra til skemmri og lengri tíma fyrir land og þjóð. Er þetta í samræmi við skilaboð Samkeppniseftirlitsins og málefnavinnu Viðskiptaráðs undanfarin ár og áratugi.

Þannig hefur frétt þessi ekki að geyma afstöðu Viðskiptaráðs til starfsemi þessara tveggja fyrirtækja eða ágreinings þeirra í gegnum tíðina. Var fjallað um sjónarmið til opinberra afskipta á samkeppnismarkaði á breiðari grunni en svo, líkt og greint er frá hér að ofan. Eftirlit með því hvort starfsemi sé hagað í samræmi við samkeppnislög er í höndum Samkeppniseftirlits og treysta verður því að komi upp grunsemdir um að farið sé á svig við lög verði slíkt rannsakað af fullri einurð.

Ef umfjöllun þessarar fréttar hefur gengið gegn hagsmunum Sementsverksmiðjunnar með ósanngjörnum hætti þá er beðist velvirðingar á því. Viðskiptaráð stendur hins vegar við þá afstöðu sína að opinber afskipti á samkeppnismarkaði séu ekki heppilegur grundvöllur endurreisnar. Nú skiptir meginmáli að grunnur sé lagður að hagfelldum skilyrðum til atvinnurekstrar, til að fyrirtæki geti haldist í rekstri án opinberrar aðstoðar með tilheyrandi lágmarkun á þjóðhagslegu tjóni.

F.h. Viðskiptaráðs Íslands



Frosti Ólafsson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri